

- 5 Með sama hætti er framlengd heimild til handa stjórnun Landsbankans og  
29. jan. Búnaðarbankans til lífeyrisgreiðslna.  
Heimild þessi gildir þó eigi lengur en til 15. febr. 1943.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. janúar 1943.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

6

## L Ö G

29. jan. um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- a. B-liður 1. gr. laga nr. 44 19. júní 1933 hljóði svo:

Hlutina má selja bæði í heilu lagi og hálfu og enn fremur skipta þeim í fjórðunga, ef reynslan sýnir, að það sé hentugra. Iðgjald fyrir hvern hlut ákveður fjármálaráðherra, að fengnum tillögum happdrættisráðs og happdrættisstjórnar Háskólans.

- b. Á undan tölunni „5000“ í c-lið sömu lagagreinar komi orðin: ekki færri en.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt falla úr gildi lög nr. 48 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

*Gjört í Reykjavík, 29. janúar 1943.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Björn Ólafsson.*